

# Foreldrafélag Suðurvalla

21.apríl, Vogar

## Fundargerð

### Fundur settur kl 17:30

Mættar eru: Ragnildur Hanna Finnbogadóttir, Petra Ruth Rúnarsdóttir, Camilla Hjördís Samúelsdóttir, Elísa Fönn Grétarsdóttir og Karolina Kryspowicka-Lisinska.

- 1. Sveitaferð:** Auglýsa þarf sveitaferð sem verður föstudaginn 8.maí kl 10:00-12:00. Farið verður frá leikskólanum með rútu kl 09:00. Ákveðið var að fara á Hraðastaði í ár. Gjaldið þar er 1200kr, frítt fyrir 2 ára og yngri. Líkt og fyrri ár greiðir foreldrafélagið fyrir börn og eitt foreldri. Auka gestir greiða fyrir sig aðgangseyri og rútu sem kostar 2800kr sætið. Leikskólinn býður uppá grillaðar pylsur í hádegismat fyrir alla. Leggja þarf inn fyrir aukagesti fyrir ferðina þar sem það hefur verið erfitt að rukka eftir á. Ákveðið að skráningu í sveitarferðina ljúki 7.maí svo hægt sé að panta rútu.
- 2. Útskriftamyndir:** Gunnar Ingi ljósmyndari kemur 6.maí og tekur útskriftarmynd. Foreldrafélagið gefur öllum útskriftarbörnum mynd í ramma í gjöf og leikskólanum líka. Foreldrum verður boðið að kaupa einstaklingsmyndir af börnunum sínum, verið að bíða eftir svari frá ljómyndara hvað verðið er á þeim en hefur verið 1500kr. Þarf að kaupa ramma og pakka inn fyrir útskrift. Kaupa þarf borða til að pakka inn.
- 3. Sumarhátíð:** Atriði er bókað og staðfest. Kaupa þarf sápu í sápukúluvélina.

Fundi slitið 18:00